

ICELANDAIR: BIRTING ÁRSREIKNINGS 2024

- Heildartekjur á 4. ársfjórðungi jukust um 10% og námu 48 milljörðum króna (349 milljónum USD)
- EBIT afkoma batnaði um 2,5 milljarða króna (18 milljónir USD), EBIT á 4. ársfjórðungi neikvætt um 4,4 milljarða króna (32 milljónir USD)
- Einingatekjur á fjórðungnum jukust um 1,5%, aðallega vegna bættrar sætanýtingar
- Einingakostnaður lækkaði um 3%, vegna hagræðingar í rekstri og lægri eldsneytiskostnaðar
- Metfjöldi farþega á 4. ársfjórðungi, jákvæð þróun á markaðnum til Íslands
- Heildarfjöldi farþega á árinu 4,7 milljónir, aukning um 9%
- Tap ársins 2,5 milljarður króna samanborið við 1,5 milljarðs króna hagnað í fyrra
- Áframhaldandi góð afkoma í leiguflugi og jákvæður viðsnúningur á fraktstarfsemi
- Stundvísi batnaði töluvert, jókst um 5,6 prósentustig
- Fyrsta Airbus vél í sögu félagsins afhent í desember
- Sterkt sjóðsstreymi frá rekstri 30,5 milljarðar (221 milljónir USD) á árinu, jókst um 828 milljónir króna (6 milljónir USD)
- Lausafjárstaða sterk í lok árs eða 48 milljarðar króna (347 milljónir USD)
- EBIT afkoma árið 2025 áætluð 5,5-8 milljarðar króna (40-60 milljónir USD)

BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI

„Við náðum verulegum rekstrarbata á fjórða ársfjórðungi í öllum einingum. Þróun einingatekna er að snúast við og náðum við að draga úr áhrifum ýmissa kostnaðarhækkana með áherslu á umbætur í rekstri. Rekstrarmiðurstaða ársins í heild var í takt við afkomuspá sem við gáfum út í október síðastliðinn en við gerum ráð fyrir að sú jákvæða þróun sem við sáum í fjórða ársfjórðungi muni halda áfram á komandi mánuðum. Horfur fyrir árið 2025 eru góðar og bókunarstaðan nú er sterkari en á sama tíma í fyrra. Við áætluðum að auka flugframboð um 8% á árinu, með áherslu á vöxt utan háannar sem gerir okkur kleift að nýta innviði betur og bjóða viðskiptavinum okkar upp á fleiri ferðamöguleika en nokkru sinni áður.

Á árinu 2024 náðum við góðum árangri í rekstri leiðakerfisins sem endurspegladist meðal annars í framúrskarandi stundvísi en félagið var útnefnt eitt af stundvísustu flugfélögum í Evrópu yfir sumarmánuðina. Við náðum jafnframt viðsnúningi í rekstri fraktstarfsemi okkar og leiguflugið hélt áfram að skila góðri afkomu.

Til þess að bæta árangur og afkomu félagsins til lengri tíma, hófum við yfirgripsmikla umbreytingarvegferð snemma á árinu 2024. Í lok ársins höfðum við þegar ráðist í hagræðingarverkefni sem munu skila yfir 20 milljónum dala á ársgrundvelli. Við gerum ráð fyrir að vegferðin muni skila samtals 70 milljónum dala á ársgrundvelli í lok árs 2025 í kjölfar frekari umbóta á þessu ári.

Það má segja að árið 2024 hafi markað nýtt upphaf fyrir Icelandair þegar við tókum á móti fyrstu Airbus flugvélinni í lok árs og fluttum í nýja Icelandair húsið í Hafnarfirði. Ég vil þakka okkar öfluga starfsfólki fyrir frábær störf á árinu, hluthöfum okkar fyrir stuðninginn og umfram allt viðskiptavinum okkar fyrir að velja Icelandair. Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið um að bæta árangur félagsins á árinu 2025 og næstu ár. Ég er þess fullviss að skýrar áherslur okkar í rekstri munu styrkja stöðu félagsins enn frekar, bæta arðsemi og gera okkur kleift að nýta þau tækifæri sem blasa við bæði til skemmri og lengri tíma.“

VEFÚTSENDING 31. JANÚAR 2025

Kynning á uppgjöri 4. ársfjórðungs og ársins 2024 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 föstudaginn 31. janúar 2025 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri Icelandair og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

LYKILTÖLUR

		4. ársfj. 24	4. ársfj. 23	Breyting	12 mán. 24	12 mán. 23	Breyting
Rekstrarniðurstaða							
Rekstrartekjur	USD þús.	348.781	315.777	33.004	1.570.607	1.523.569	47.038
þar af farþegatekjur	USD þús.	276.580	258.615	17.965	1.325.083	1.289.927	35.156
Rekstrarkostnaður	USD þús.	340.237	330.880	9.357	1.430.751	1.367.105	63.646
EBIT	USD þús.	-32.105	-50.257	18.152	-14.211	20.987	-35.198
EBT	USD þús.	-35.746	-48.654	12.908	-24.807	7.789	-32.596
Hagnaður (tap)	USD þús.	-30.575	-37.819	7.244	-20.169	11.169	-31.338
Efnahagur og sjóðstreymi¹							
Eignir	USD þús.	-	-	-	1.637.870	1.527.676	110.194
Eigið fé	USD þús.	-	-	-	269.067	288.347	-19.280
Vaxtab. skuldir og nettó leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	670.859	638.580	32.279
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	382.890	352.372	30.518
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	-	-	-	346.797	322.522	24.275
Handbært fé frá rekstri	USD þús.	-11.820	-26.853	15.033	221.157	215.121	6.036
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	34.157	40.327	-6.170	122.289	144.747	-22.458
Helstu kennitölur							
Hagnaður á hlut	US sent	-0,07	-0,09	0,02	-0,05	0,03	-0,08
Eiginfjárhlutfall	%	-	-	-	16,4%	18,9%	-2,4 ppt
EBIT %	%	-9,2%	-15,9%	6,7 ppt	-0,9%	1,4%	-2,3 ppt
Einingatekjur ²	US sent	7,6	7,5	1%	7,9	8,4	-6%
Meðalverð (e. yield)	US sent	8,4	8,8	-4%	8,9	9,5	-6%
Einingakostnaður ²	US sent	8,8	9,0	-3%	8,2	8,4	-3%
Einingakostnaður án eldsneytis ²	US sent	7,0	6,8	2%	6,2	6,2	-1%
Flutningatölur							
Fjöldi flugferða	fjöldi	3.964	3.830	3%	18.331	16.966	8%
Fjöldi farþega	fjöldi	1.021.562	910.489	12%	4.665.641	4.285.976	9%
Farþegar til Íslands	fjöldi	331.296	311.249	6%	1.517.581	1.622.722	-6%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	187.390	165.687	13%	773.116	754.198	3%
Farþegar um Ísland	fjöldi	439.442	369.516	19%	2.113.931	1.644.827	29%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	63.434	64.037	-1%	261.014	264.229	-1%
Sætanýting	%	83,3%	76,8%	6,5 ppt	82,6%	81,5%	1,1 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	3.729	3.539	5%	17.158	15.666	10%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	3.107	2.718	14%	14.180	12.767	11%
Stundvísi millilandaflug (OTP)	%	76,0%	77,0%	-1,0 ppt	82,7%	77,1%	5,6 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	41.766	43.307	-4%	140.665	177.448	-21%
Seldir blokk tímar	fjöldi	6.604	3.851	71%	21.236	15.388	38%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	nr.	0,71	0,81	-12%	0,73	0,76	-4%
Starfsmenn							
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	3.254	3.595	-9%	3.575	3.638	-2%
Stöðugildi í lok tímabils	fjöldi	-	-	-	3.166	3.542	-11%

¹ Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2023² Einingatekjur/Einingakostnaður: Tekjur og kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetra (ASK) í leiðakerfi Icelandair

FLUTNINGATÖLUR

- **Fjöldi farþega á 4. ársfjórðungi ein milljón, aukning um 12% á milli ára**
- **Sterk eftirspurn á öllum mörkuðum, jákvæð þróun á markaðnum til Íslands**
- **Metfjöldi farþega og met sætanýting árið 2024**

Framboð mælt í framboðnum sætiskílómetrum jókst um 5% á milli ára á 4. ársfjórðungi. Eftirspurn var sterk á fjórðungnum sem endurspegladist í fjölda farþega sem nam einni milljón og jókst um 12% samanborið við 4. ársfjórðung 2023. Sætanýting var 83% og jókst um 6,5 prósentustig milli ára.

Á 4. ársfjórðungi fækkaði frakt-tonnkílómetrum um 4% á milli ára. Fjöldi seldra blokk tíma í leiguflugstarfseminni jukust um 71% á milli ára.

Á árinu í heild flutti Icelandair metfjölda farþega eða 4,7 milljónir sem er 9% aukning. Met sætanýting var á árinu eða 82,6% og stundvísi batnaði mikið og nam 82,7% þrátt fyrir erfiðan desember, þar sem veður á Íslandi hafði töluverð áhrif á áætlun félagsins. Frakt-tonnkílómetrum fækkaði um 21% milli ára vegna ýmissa aðgerða sem gripið var til á árinu með það að markmiði að bæta arðsemi fraktstarfseminnar. Þar má nefna útleigu á annarri af tveimur fraktvélum og breytingar á flugáætlun og hún löguð betur að markaðsaðstæðum. Leiguflugstarfsemin gekk vel á árinu og jukust seldir blokk tímar um 38% milli ára.

Kolefnislosun á hvern tonnkilómetra lækkaði um 12% milli ára í 4. ársfjórðungi sem skýrist aðallega af því að fleiri flug voru flogin á B737 MAX og nýrri Airbus A321LR, sem eru af nýrri kynslóð sparneytnari flugvéla, en einnig vegna góðrar sætanýtingar. Kolefnislosun á hvern tonnkilómetra lækkaði um 4% á árinu.

REKSTUR

- **Farþegatekjur jukust um 7% milli ára í 4. ársfjórðungi**
- **Leiguflugstarfsemi gekk vel og mikill viðsnúningur í fraktstarfsemi**
- **Eldsneytiskostnaður á 4. ársfjórðungi 15% lægri en á síðasta ári, þrátt fyrir 5% framboðs aukningu**

EBIT afkoma batnaði um 18,2 milljón USD milli ára og var neikvæð um 32,1 milljón USD á fjórða ársfjórðungi. Einingatekjur hækkuðu um 1,5%. Kostnaðaraðhald og lægri eldsneytiskostnaður hafði áhrif á einingakostnað sem lækkaði um 3% á milli ára. Áframhaldandi viðsnúningur var í fraktstarfseminni og leiguflugstarfsemin skilaði góðri afkomu.

Heildartekjur námu 348,8 milljónum USD á 4. ársfjórðungi og jukust um 10% á milli ára. **Farþegatekjur** námu 276,6 milljónum USD samanborið við 258,6 milljónir USD árið á undan. Eftirspurn var sterk á öllum mörkuðum sem hafði jákvæð áhrif á bæði sætanýtingu og meðalverð. **Tekjur af flugfrakt** námu 22,2 milljónum USD og stóðu nánast í stað á milli ára. **Leiguflugstekjur** námu 30,6 milljónum USD og jukust um 60% á milli ára. **Aðrar tekjur** námu alls 19,9 milljónum USD og jukust um 15% á milli ára.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 340,2 milljónum USD og jukust um 3% eða um 9,4 milljónir USD á milli ára. **Laun og launatengd gjöld** námu 102,9 milljónum USD samanborið við 104,8 milljónir USD á 4. ársfjórðungi í fyrra, sem er lækkun um 2%. Stöðugildi voru að meðaltali 3.254 í fjórðungnum og fækkaði um 9% milli ára. **Eldsneytiskostnaður** nam 74,6 milljónum USD í fjórðungnum og lækkaði um 15% á milli ára þrátt fyrir 5% framboðs aukningu í farþegafluginu. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti lækkaði og nam vegið eldsneytisverð félagsins, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, 854 USD á hvert tonn og lækkaði um 18% samanborið við síðasta ár. **Annar flugtengdur kostnaður** nam 68,7 milljónum

USD samanborið við 59,6 milljónir USD á 4. ársfjórðungi 2023. Viðhaldskostnaður nam 31,3 milljónum USD og jókst um 6,9 milljónir USD samanborið við síðasta ár og skýrist af aukinni framleiðslu í leiðakerfinu og í leiguflugsstarfseminni. **Annar rekstrarkostnaður** var 94,1 milljón USD, og jókst um 15,3 milljónir USD, aðallega vegna meiri umsvifa í rekstri farþegaleiðakerfisins. Afskriftir námu 40,7 milljónum USD samanborið við 35,2 milljónir í fyrra, sem skýrist af hærri afskriftum vegna eigin og leigðra flugvéla.

Hreinn fjármunakostnaður nam 4,0 milljónum USD á 4. ársfjórðungi 2024 samanborið við hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 1,9 milljónir USD á 4. ársfjórðungi síðasta árs. Hluti fjármunatekna 4. ársfjórðungs í fyrra voru vegna áunnina vaxta á öllu árinu 2023.

Einingatekjur³ á 4. fjórðungi 2024 námu 7,6 US sent og hækkðu um 1,5% á milli ára. **Einingakostnaður**⁴ var 8,8 US sent, og lækkaði um tæp 3% á milli ára. Einingakostnaður án eldsneytis, hækkaði um 2% á milli ára og skýrist það að mestu leyti af verðlagshækkunum á aðkeyptri flugtengdri þjónustu auk viðhaldskostnaðar. Á móti hafði hagræðing í rekstri félagsins töluverð jákvæð áhrif á lækkun einingakostnaðar þrátt fyrir verðbólguþrýsting.

EFNAHAGUR OG SJÓÐSSTREYMI

- **Eigið fé 269 milljónir USD og eiginfjárhlutfall 16,4%**
- **Lausafé USD 347 milljónir**

Efnahagsreikningur

Heildareignir námu 1,6 milljörðum USD í árslok 2024 og jukust um 110 milljónir USD frá því í byrjun árs. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 559,9 milljónum USD og jukust á tímabilinu um 4,8 milljónir USD vegna yfirhals á hreyflum. Leigueignir námu 406,0 milljónum USD og jukust um 57,5 milljónir USD á árinu vegna tveggja B737 MAX8 flugvéla og einnar A321LR vélar.

Félagið flutti höfuðstöðvar sínar í nýja Icelandair húsið í Hafnarfirði í desember 2024, Framkvæmdin var bæði á tíma- og kostnaðaráætlun en heildarkostnaður við bygginguna er um 5,5 milljarðar króna (39 milljónir USD) eða um 650 þúsund krónur á hvern fermetra (4,5 þúsund USD). Sameining meirihluta starfsfólks á einn stað eykur skilvirkni ásamt því að félagið fækkaði fermetrum undir skrifstofurými um 1,300 fermetra.

Eigið fé nam 269,1 milljón USD og eiginfjárhlutfall í lok fjórðungsins var 16,4%. **Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu alls 670,9 milljónum USD og jukust um 32,3 milljónir USD frá því í byrjun árs, að mestu vegna flugvélatengdra fjárfestinga. **Nettó vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu 382,9 milljónum USD og jukust um 30,5 milljónir USD samanborið við byrjun árs.

Sjóðsstaða

Handbært fé og markaðsverðbréf námu 254,8 milljónum USD í lok árs 2024 og lækkuðu um 48,6 milljónir USD á 4. ársfjórðungi. **Nettó sjóðsstreymi frá rekstri** á fjórðungnum nam 11,8 milljónum USD. **Nettó fjárfestingahreyfingar** námu 3,5 milljón USD. Fjárfestingar námu 34,1 milljón USD og voru að stærstum hluta í hreyflayfirhali ásamt öðrum flugvélatengdum fjárfestingum. **Nettó fjármögnunarhreyfingar** námu 28,1 milljón USD vegna endurgreiðslu vaxtaberandi lána og rekstrarleiguskuldbindinga. Óáðregnar lánalínur félagsins nema 92,0 milljónum USD og að teknu tilliti til þeirra var **lausafjárstaðan** í lok desember 346,8 milljónir USD.

³ Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (ASK)

⁴ Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (ASK)

SJÁLFBÆRNI

Áframhaldandi áhersla á sjálfbærni

Sjálfbærni er samofin stefnu Icelandair og lítur félagið þar til efnahags, samfélags, umhverfis og góðra stjórnarháttá. Icelandair vinnur nú að uppfærslu ESG stefnu sinnar og að innleiðingu nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni (CSRD) og meðfylgjandi sjálfbærniáætla (ESRS). Gert er ráð fyrir því að CSRD verði innleidd á Íslandi á árinu 2025 og hefur félagið tekið tillit til ESRS staðlanna við gerð skýrslu um ófjárhagslegar upplýsingar fyrir árið 2024.

Loftslags- og umhverfismál eru efst á baugi þegar kemur að áherslum Icelandair í sjálfbærnimálum. Félagið styður langtímamarkmið flugiðnaðarins um að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 og hefur sett sér metnaðarfull markmið í loftlagsmálum. Frá árinu 2019 hefur Icelandair dregið úr kolefnislosun á hvern tonnkilómetra um 18%. Þessi árangur er fyrst og fremst vegna áherslu félagsins á endurnýjun flugflotans með nýrri kynslóð sparneytnari flugvéla. Félagið hefur ákveðið að setja sér skammtímamarkmið um samdrátt í losun sem byggir á vísindalegum grunni í samræmi við Science Based Target Initiative (SBTi) og mun hefja þá vinnu á þessu ári.

Í sjálfbærnistefnu sinni leggur Icelandair einnig áherslu á jafnréttismál og vinnur að settum markmiðum um að bæta kynjajafnrétti á meðal stjórnenda og í flugtengdum störfum. Á árinu 2024 var hlutfall kvenflugmanna óbreytt milli ára eða 14%. Karlkyns flugþjónar voru 16% á árinu 2024 samanborið við 15% á árinu 2023. Félagið mun áfram styðja við og stuðla að menntun og störfum í flugvirkjun í samstarfi við lykilaðila, með sérstaka áherslu á að ná til fjölbreyttari hóps fólks. Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn og forstöðumannastöðum var 40% í lok árs 2024. Félagið mun áfram vinna að því að stuðla að jafnrétti, fjölbreytileika og inngildingu í starfsemi sinni.

Icelandair heldur áfram að fylgjast með skattspori sínu þar sem ávinningur flugs og ferðaþjónustu er ótvíræður, sérstaklega fyrir eyþjóð eins og Ísland. Ferðaþjónustan er mjög mikilvæg þegar kemur að útflutningstekjum þjóðarinnar og skattspor Icelandair nam 37,8 milljörðum króna (USD 274 milljónir) á árinu 2024 og jókst um 16%. Þá er Icelandair einn stærsti vinnuveitandi landsins og var með að meðaltali 3,575 stöðugildi á árinu 2024.

HORFUR

Jákvæð bókunarstaða fyrir árið

Bókunarstaða Icelandair á markaðnum til Íslands er sterkari nú en á sama tíma í fyrra. Þá er eftirspurn á markaðnum frá Íslandi að aukast og staðan á Atlantshafsmarkaðnum og í innanlandsfluginu áfram góð. Að auki eru mikil tækifæri í aukningu bókana í gegnum nýja samstarfssamninga við önnur flugfélög, og sölustarf á fjarmörkuðum gengur jafnframt mjög vel.

Vöxtur í framboði áætlaður utan háannar

Félagið gerir ráð fyrir að auka flugframboð um 8% á árinu 2025. Áherslan verður á framboðs aukningu utan háannar, þ.e. í vor og næsta haust, sem og utan háannatíma dagsins. Jafnari dreifing brottfara mun bæta nýtingu innviða. Þá gerir nýr sparneytnari flugfloti þennan vöxt mögulegan þar sem flug utan háannar er hagkvæmara á Boeing 737 MAX og Airbus A321LR en á eldri vélum.

Alls mun Icelandair fljúga til 62 áfangastaða á árinu 2025, þar af til fjögurra nýrra áfangastaða: Miami, Nashville, Ístanbul og Gautaborg. Farþegar munu því hafa val um fleiri áfangastaði, brottfaratíma og meiri tíðni en nokkru sinni fyrr. Að auki munu nýir samstarfssamningar félagsins við önnur flugfélög auka tengimöguleika enn frekar og veita farþegum enn meiri sveigjanleika.

Áframhaldandi afkomubati áætlaður í fraktstarfsemi á árinu 2025

Verulegur viðsnúningur varð á rekstri fraktstarfsemi félagsins árið 2024 eða sem nemur 18 milljónum USD. Í kjölfar ýmissa aðgerða sem ráðist var í á árinu skilaði fraktstarfsemin rekstrarhagnaði (EBIT) í samanburði við rekstrartap á árinu 2023. Áhersla var lögð á að styrkja kjarnastarfsemi félagsins, þ.e. inn- og útflutning, sem og kostnaðaraðhald. Árið 2025 mun fraktstarfsemin halda áfram að þjóna sínum helstu mörkuðum, ásamt því að skoða tækifæri til sjálfbærs vaxtar með áherslu á að auka arðsemi.

Góðar horfur í leiguflugi

Leiguflugstarfssemi félagsins gekk vel á árinu 2024. Nokkrum vélum var bætt við flota félagsins fyrir verkefni bæði hjá núverandi og nýjum viðskiptavinum sem jók tekjurnar um þriðjung. Samningar um leiguflug voru gerðir við nýja viðskiptavini í Asíu og Skandinavíu og heimsferðir fyrir ferðaskrifstofur skiluðu metári. Horfur fyrir árið 2025 eru góðar og gert er ráð fyrir áframhaldandi góðri afkomu.

Umbreytingarvegferð þegar farin að skila árangri

Icelandair hóf umfangsmikla umbreytingarferð undir nafninu ONE á fyrri helmingi ársins 2024. Megintilgangurinn er að auka hagkvæmni í rekstri, aðallega með því að lækka kostnað en einnig með aðgerðum sem stuðla að auknum tekjum. Yfir 400 umbótaverkefni af öllum sviðum hafa verið skilgreind og verða innleidd á næstu tveimur árum.

Meðal aðgerða á kostnaðarhliðinni má til dæmis nefna endurskipulagningu starfa í stoðeildum í maí á síðasta ári, endurnýjaða samninga við þjónustuaðila á útstöðvum, aðlögun á þjónustupáttum um borð og skilvirkari ferla í tengslum við snúning véla á Keflavíkurflugvelli. Allar þessar aðgerðir eru miðaðar að því að hámarka fjárhagslegan ávinning á sama tíma og upplifun farþega er ávallt höfð að leiðarljósi.

Vegferðin er þegar farin að skila árangri. Í lok árs 2024 hafði félagið ráðist í hagræðingarverkefni sem munu skila yfir 20 milljónum USD á ársgrundvelli, þar af 15 milljónum USD á kostnaðarhliðinni. Félagið áætlar að samtals muni vegferðin skila 70 milljónum USD á ársgrundvelli fyrir árslok 2025 í kjölfar frekari umbóta á þessu ári, og enn meira á næstu árum. Í ljósi jákvæðrar þróunar á einingatekjum og kostnaði á fjórða ársfjórðungi 2024 er ljóst að félagið er á réttri leið með að bæta fjárhagslega afkomu.

Nýjar Airbus flugvélar stuðla að hagkvæmni í rekstri og opna ný tækifæri

Icelandair tók á móti sinni fyrstu Airbus A321LR flugvél í desember síðastliðnum og gerir félagið ráð fyrir því að taka á móti þremur slíkum vélum til viðbótar fyrir næsta sumar. Alls verða 42 vélar nýttar í farþegaleiðakerfinu í sumar, sem er sami fjöldi og síðasta sumar. Þar af verða 21 B737 MAX vél og fjórar A321LR vélar. Árið 2023 undirritaði Icelandair samning við Airbus um kaup á 13 A321XLR flugvélum og kauprétt á 12 vélum til viðbótar. Afhending vélanna mun hefjast árið 2029. Airbus vélarnar munu skapa tækifæri fyrir frekari þróun leiðakerfisins, stuðla að hagkvæmni í rekstri, sem og styðja enn frekar við sjálfbærni vegferð félagsins.

Staða eldsneytisvarna

Staða eldsneytisvarna félagsins þann 30. janúar 2025 er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 38% af áætlaðri notkun í farþegaflugi á árinu 2025 er varin með samningum á verðinu 773 USD á hvert tonn að meðaltali.

Tímabil	Áætluð notkun	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri heildarnotkun	Vegið meðaltal verð USD
1. ársfj. 2025	61.891	27.760	45%	802
2. ársfj. 2025	100.939	42.350	42%	782
3. ársfj. 2025	126.265	43.500	34%	757
4. ársfj. 2025	75.577	18.850	25%	745
12 mánuðir	362.721	136.170	38%	773
1. ársfj. 2026	61.891	10.200	16%	723
13-18 mánuðir	100.939	11.000	11%	769

AFKOMUHORFUR 2025

Icelandair gerir ráð fyrir að hagnaður verði af rekstri félagsins árið 2025 í ljósi sterkrar bókunarstöðu, áframhaldandi áherslu á auka hagkvæmni í rekstri og árangri af ONE umbreytingavegferðinni. Gert er ráð fyrir afkomubata í öllum einingum á milli ára. Afkomuspáin gerir ráð fyrir áframhaldandi jákvæðri þróun á markaðnum til Íslands í samanburði við árið 2024 og þá er staðan á Atlantshafsmarkaðnum og í innanlandsfluginu áfram góð. Á 1. ársfjórðungi áætlað félagið að auka framboð um 9% á milli ára og gerir ráð fyrir áframhaldandi jákvæðri þróun einingakostnaðar. Félagið gerir jafnframt ráð fyrir að jákvæð þróun einingatekna muni halda áfram á 1. ársfjórðungi með tilliti til áhrifa páska, sem eru í apríl í ár en voru í mars í fyrra, og að EBIT afkoma á 1. ársfjórðungi batni lítillega á milli ára.

Afkomuspá 2025, meginforsendur:

Heildartekjur USDm	~1.700
EBIT USDm	40 - 60
Net fjárfestingar USDm	140 - 150
Framleiðslubreyting (ASK)	~8%
Meðal eldsneytisverð USD m/t	760
Meðalverð útblástursheimilda per eining EUR	75
Meðalgengi USD/ISK	138

Afkomuspáin byggir á núverandi markaðsaðstæðum og forsendum sem geta breyst, svo sem vegna breytinga á eftirspurn á lykilmörkuðum, breytinga í rekstrarumhverfinu, á eldsneytisverði sem og ófyrirséðum áskorunum í flugrekstri.

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

Fjárfestar: Kristófer Hlynsson, fjárfestatengill. Netfang: kristoferh@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

FJÁRHAGSDAGATAL

- Aðalfundur 12. mars 2025
- 1. ársfjórðungur 2025 - 29. apríl 2025
- 2. ársfjórðungur 2025 - 17. júlí 2025
- 3. ársfjórðungur 2025 - 23. október 2025
- 4. ársfjórðungur 2025 - 29. janúar 2026